

Þýrlupallur í Surtsey – vettvangsskoðun og hugleiðingar um stækkun

ssjo//10-06-2025 uppfært 25-06-2026

Inngangur

Sumarið 1993 var haldin heræfing NATO sem kallaðist "Northern Viking". Samið hafði verið við stjórnendur um að þeir legðu til stóra Chinook þýrlu til að flytja forsteyptar einingar í gólf þýrlupalls í Surtsey og miðaðist allt skipulag Surtseyjarleiðangurs 1993 við að ljúka undirbúningi fyrir komu þýrlunnar. Hópur fólks frá Surtseyjarfélaginu og Náttúrufræðistofnun vann að því að útbúa undirstöður pallsins og að verki loknu voru plöturnar híðar á sinn stað með þýrlunni.

Við gerð pallsins var leitast við að nota efnivið á staðnum í undirstöður og valda sem minnstu, óafturkræfu raski á hraunmyndunum. Tínt var til laust hraungrýti og því hlaðið undir pallinn og umhverfis hann og má greina þær hleðslur í dag (sjá Mynd 3) innan um þann gróður sem smám saman hefur þétt í kringum pallinn.

Landhelgisgæslan hefur um langt skeið verið afar velviljuð Surtseyjarfélaginu og hefur að jafnaði flutt tvo leiðangra til eyjarinnar á hverju ári. Eftir að AS365 þýrlan var ekki lengur tiltæk hefur LHG lent AS332 og nú H225 þýrlum í eyinni en hönnun pallsins á sínum tíma hefur án efa miðast við þann þýrlukost sem LHG hafð þá yfir að ráða. LHG hefur komið þeirri skoðun á framfæri að pallurinn í Surtsey sé of lítill til öruggrar lendingar fyrir svo stórar þýrlur. Fyrir liggur því skoðun á því hvort unnt sé með góðu móti að stækka pallinn. Sérfræðingar LHG hafa lýst því yfir að stækkun pallsins í 10 x 10 m á núverandi stað dugi þeim (sbr. tölvupóst frá Sigurði Heiðari Wium þ. 12. febrúar 2025).

Eins og sést á meðfylgjandi teikningu (Mynd 1) sem er frá Hallgrími Daða Indriðasyni á Verkís, frá árinu 2010, er talið að stækkun upp í 7,5 x 7,5 m sé auðveld í framkvæmd. Frekari athugun á pallinum og nánasta umhverfi leiðir í ljós að stækkun upp í 10 x 10 m er einnig vel framkvæmanleg án þess að valda verulegu raski í kringum pallinn og mjög líklegt að 2 m stækkun jafnt umhverfis allan pallinn gangi vel upp á alla lund. Loftmynd af pallinum er á Mynd 4 og hafa útlínur stækkunar verið merktar á myndina.

Forsteyptu plöturnar í núverandi palli eru átta talsins, þær eru 150 cm x 300 cm og eru 18 cm þýkkar. Miðað við eðlisþyngd steypu 2,4 kg/L er hver plata um 1944 kg. Plöturnar mynda flöt sem er 6 x 6 m (36 m²). Hver plata er með fjórum hífi-lykkjum. Ef miðað er við jafna stækkun um 2 m allt í kringum um pallinn þarf lengd hvernar plötu að vera 2 m. Plata af sömu eða svipaðri þykkt sem er 1 x 2 m er 864 kg. Samkvæmt upplýsingum frá LHG getur þýrlan híft 800 kg sem er kjörþyngd en allt að 2 tonnum ef hún er létt lestuð að öðru leyti og vegalengdin stutt.

Framkvæmdaáætlun:

1. Ljóst er að í upphafi framkvæmda þarf að fjarlægja þann gróður og jarðveg sem myndast hefur og dafnað við jaðra pallsins. Þegar grafið hefur verið meðfram pallinum er fast berg undir og hæðarmunur ekki svo ýkja mikill á stækkunarsvæðinu – sem eru 2 m allt í kringum pallinn. Þegar skoðað er hvernig undirstöður hafa verið gerðar má sjá að hleðsla er áberandi á suðurhlið pallsins og þar hefur verið hlaðið upp grjóti til að hækka undirlag og jafna. Hlaðna grjótið hefur verið afmarkað á Mynd 3 en hraungrjóti hefur verið hlaðið undir jaðra pallsins á fleiri stöðum. Í fyrstu er lagt til að allur gróður og jarðvegur sem er við jaðra pallsins verði fjarlægður og lagður til í nágrenninu með það í huga að koma

hnausunum aftur fyrir við jaðra hins stækkaða palls. Er það lagt í hendur sérfræðinga að meta hvaða leið er heppilegust í þeim efnum.

2. Þegar jarðvegur og laust efni hefur verið fjarlægt þarf að jafna ræmuna (2-3 m) umhverfis pallinn. Að sunnanverðu er ljóst að fylla þarf upp í lægðir í undirlaginu með hraungrjóti og verður það hraungrýti sem til fellur á jöfnunarræmunni umhverfis pallinn nýtt til þess. Til að afla efnis er jafnframt lagt til að tveir hraunstakkar sem eru í um 12 m og 18,5 m fjarlægð frá horni pallsins til suðvesturs (sjá Mynd 2) verði fjarlægðir og efnið notað til að hækka suðurkant pallsins. Stakkurinn sem er nær er mjög sprunginn og laus í sér og auðvelt að jafna hann við jörðu og bera efnið á brott. Sá sem er fjær er nokkuð þéttari í sér og myndi þurfa að beita brotfleyg eða slíku tæki til að hluta hann í sundur og nota í fyllingu undir suður og vesturhlið pallsins. Á það skal bent að LHG hefur nefnt að sérstök ógn stafi af þessum hraun-stökkum því þeir standa upp í hreyfisvið þyrlu og sú hættu er fyrir hendi að vélin reki afturspáðann í stakkana ef afturendinn sveiflast í átt að þeim. Það myndi því bæta öryggi pallsins verulega að losna við þessa kletta/hrauka. Umhverfis hraukana er dökkt ógróið hraun að mestu leyti, lítillaga sandorpið.
3. Við norðvesturhorn pallsins er hraunbunga sem stendur upp fyrir neðra borð steyppta yfirborðs pallsins. Á Mynd 4 sést klöppin vel í norðvestuhorni pallsins og stendur lítillaga inn fyrir 10 m stækkunina. Umrædda bungu þyrfti að fleyga aðeins niður og lækka en efninu yrði komið fyrir í undirlag pallsins. Steypt plata myndi síðan hylja brotsárið.
4. Þegar undirlag hefur verið jafnað má annað hvort slá upp og steypa leiðara eða sökkla undir forsteyptu plötunni á staðnum – eða flytja steyppta sökkla (15 x15 cm) og steypa að þeim með múrlögun sem hrærð yrði á staðnum. Afgangsefni, steypubrotum og öðru slíku mætti síðan koma fyrir á milli sökkla, undir gólfplötunum.
5. Forsteyptar plötur yrðu síðan fluttar og þeim komið fyrir á undirstöðunum og þær stilltar af á staðnum. Stærð þeirra verður að ráðast af flutningsmáta og lyftigetun þyrlu sem myndi flytja plötunni.

Breytingum sem orðið hafa á ofangreindri framkvæmdaáætlun og annars konar útfærslu pallsins er lýst í minniblaði frá Surtseyjarfélaginu, uppfært 25-06-2026.

Liður 2. Breyting: Fallið frá þeirri hugmynd að fjarlægja hraundrylin sem sjá má á mynd 2.

Liður 4. Breyting: Fallið er frá þeirri hugmynd að nota forsteyptar einingar í stækkunina og smíða stækkunina úr timbri og stáli og leggja ofan á galvanísraðar stálgrindur. Því er ekki um neitt rask að ræða við að útbúa sökkla fyrir forsteyptar einingar.

Liður 5. Breyting: Eins og að framan greinir er yfirborð pallsins úr stáli og burðargrind úr timbri. Hægar er því um vik að fjarlægja mannvirkið og afmá ummerki.

Rask og flutningar á efni vegna hinnar nýju útfærslu verða annars með svipuðum hætti og að ofan er lýst.


Þess mun að sjálfsögðu verða vandlega gætt að sem minnst rask fylgi framkvæmdinni og efna þarf til samráðs allra sem hlut eiga að máli vegna gróðurs sem þarf að fjarlægja við jaðra pallsins og sem vaxið hefur í rifum á milli platna.

Á mynd 6 er sýndur staður þar sem fyrirhugað er að leggja byggingarefni á meðan á framkvæmdum stendur.

Olga Kolbrún Vilmundardóttir

Sigurður Sveinn Jónsson


Gunnar Viðar Gunnarsson



Mynd 1. Teikning af núverandi palli og stækkun í 7,5 x 7,5 m unnin árið 2010.



Mynd 2. Horft frá pallinum til suðvesturs í átt að hraunstrýtum. Línur á myndinn sýna fjarlægðir í strýturnar frá horni pallsins.



Mynd 3. Afmörkun hlaðins undirlags palls að sunnanverðu.



Mynd 4. Loftljósmynd af þyrlupalli frá árinu 2023. Útlínur stækkunar eru einnig sýndar sem og fjarlægð frá miðju pallsins.



Mynd 5. Rauða örin bendir á fyrirhugaðan fráleggstað byggingarefnis.

Tölvupóstur frá LHG með staðfestingu um að 10x10 m pallur dugi þeim.

From: Sigurður Heiðar Wium - LHG <SHW@lhg.is>

Sent: miðvikudagur, 12. febrúar 2025 14:25

To: Hallgrímur Jónasson - RR <hallgrimur.jonasson@rannis.is>

Cc: Olga Kolbrún Vilmundardóttir - NATT <Olga.K.Vilmundardottir@natt.is>; Director.Flightops <Director.Flightops@LHG.IS>

Subject: RE: Þyrlupallur í Surtsey, samráð við Umhverfisstofnun og Surtseyjarfélagið

Sæll Hallgrímur,

Takk fyrir minnisblaðið.

Fyrir hönd flugdeildar tókum við undir sjónarmið ykkar og staðfestum að við kjósum helst að nota núverandi staðsetningu þyrlupalls í Surtsey og að stækkun pallsins í 10m x 10m myndi duga okkar.

Bestu kveðjur/Best Regards,

Sigurður Heiðar Wium (Siggi)